



## - UMSÖGN -

<b>Vörulýsing:</b>	Rotprær úr pólýetýleni (PE) ætlaðar fyrir ígildi allt að 50 íbúa.
<b>Vöruheiti:</b>	Rotpró 1000 og 1000-U, 1200 og 1200-U, 1400 og 1400-U, þ.e. alls sex gerðir.
<b>Umsagnarhafi:</b>	Borgarplast hf., Völuteigi 31-31A, 270 Mosfellsbæ.
<b>Framleiðandi:</b>	Borgarplast hf., Völuteigi 31-31A, 270 Mosfellsbæ.
<b>Staðfestingargögn:</b>	1. Skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, dags. 22. janúar 2010, verkefnisnúmer 8GP9022, <i>Upphafsgærðarprófun</i> , sem staðfestir samræmi við staðalinn ÍST EN 12566-1:2000/A1:2003, sem er samhæfður evrópskur staðall og krefst því CE-merkingar vörunnar, fylgiskjal 1. 2. EC-samræmisýfirlýsing framleiðanda, dags. 22. janúar 2010, fylgiskjal 2.

### Laga- og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: 1. Lög um mannvirki, nr. 160/2010, 39. gr. 2. Byggingarreglugerð, nr. 441/1998, 3. gr. og 120. gr. 3. Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, 3. og 4. gr.

### Forsendur, fyrirvarar og ábendingar

- Merking vörunnar skal vera auðfundin og varanleg þannig að skýrt komi fram auðkenni framleiðandans og vöruheitið, númer ofangreinds staðals, úr hvaða efni varan er gerð, nafnstærð og framleiðsludagsetning; þá skal **CE-merkið** vera skýrt ásamt tveimur síðustu tölustöfum árs merkingarinnar.
- Ákvæði ofangreinds vörustaðals krefjast tilnefnds aðila einungis til að annast upphafsgærðarprófun; þessu samkvæmt er ekkert vottorð gefið út.
- Umsögn þessi nær einungis til vöru þeirrar, sem lýst er í ofangreindri EC-samræmisýfirlýsingu.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna, sem skilgreina kröfur fyrir rotprær til umræddra nota.
- Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum vörunnar og skilyrðum við notkun hennar, sem framleiðandinn tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðli, skal ekki ofgert við álag, þar sem rotprærnar eru staðsettar.


### Umsagnarorð

Á ofangreindum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umræddar vörur brjóti í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem rotprær. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er tilnefndur aðili sem prófunarstofa fyrir rotprær. Gengið hefur verið úr skugga um að framleiðandinn hafi uppfyllt skilyrði til CE-merkingar.

**Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.**

Útgáfudagur: 11. maí 2011

  
Rögnvaldur S. Gíslason,  
vottunarstjóri.

  
Jón Sigurjónsson,  
yfirverkfræðingur.

**FYLGISKJÖL:** 1. Upphafsgærðarprófunarskýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (4 bls.).  
2. EC-samræmisýfirlýsing framleiðanda (ein bls.).